

## Fundargerð

142. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 1.mars, kl. 14.00 á skrifstofu HNE á Furuvöllum Akureyri.

### Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð**
- 2. Rannsóknir á dreifingu skólps í sjó við Akureyri; sýni tekin í febrúar**

Kynntar voru nýjar rannsóknarniðurstöður á dreifingu skólps í sjó við Akureyri, m.a. vegna ofanvatnslagna og framhjáhlaups við dælustöð og samstarf við Akureyrarbæ um frekari greiningu á vandamálum sem hafa komið í ljós.
- 3. Skýrt frá slysi sem átti sér stað í Boganum á Akureyri og tillögum að forvarnaraðgerðum**

Fjallað var um slys sem átti sér stað í Boganum og ráðstafanir til að lagmarka slyshættu í húsinu.
- 4. Tilraun með notkun ósóns til hreinsunar á sundlaugarvatni; staða mála**

Heilbrigðisfulltrúi kynnti nýjar mæliniðurstöður og rætt var um mikilvægi þess að lokið verði við skýrslu um tilraunina og leitað formlega eftir álitni Umhverfisstofnunar á niðurstöðum áður en að lengra er haldið.
- 5. Umsögn vegna deiliskipulags landbúnaðarsvæðis í landi Ytra-Holts í Dalvíkurbyggð**

Kynnt var umsögn vegna deiliskipulags í landi Ytra-Holts.
- 6. Umsögn vegna deiliskipulagstillögu frístunda- og iðnaðarsvæðis í landi Upsa í Dalvíkurbyggð**

Kynnt var umsögn vegna deiliskipulags í landi Upsa
- 7. Björg II, Hörgársveit, umsögn vegna tillögu að matsáætlun m.t.t. umhverfisáhrifa**

Kynnt var umsögn vegna tillögu að matsáætlun m.t.t. umhverfisáhrifa. Umræður urðu um starfsleyfisskyldu vegna náma og efnisvinnslu og mikilvægi þess að rekstraraðilar afli sér tilskilinna leyfa hjá sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd.
- 8. Tillaga Matvælastofnunar um svokallaðar landsreglur vegna matvælaframleiðslu**

Rætt var um tillögur Matvælastofnunar um stærðarmörk á fyrirtækjum m.t.t. til hvaða kröfur skuli gera um aðbúnað og innra eftirlit slíkra fyrirtækja og tilhögun á opinberu eftirliti.
- 9. Grýtubakkahreppur; umsögn vegna frístundabyggðar að Grýtubakka I**

Kynnt var umsögn vegna deiliskipulags í landi Grýtubakka I. Rætt var um helstu lög og reglur er varða skipulag fráveitna í frístundabyggðum.

## **10. Skipulagsstofnun, umsögn vegna fyrirhugaðrar stækkunar á aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri**

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna áforma um stækkun á aflþynnuverksmiðju Becromal var kynnt og farið yfir fyrri bókanir heilbrigðisnefndar um mikilvægi þess að ljúka fráveituframkvæmdum við Sandgerðisbót og Krossanes sem fyrst.

### **Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Menico ehf, kt. 510510-1270, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að neðri hæð Möðruvallastrætis 5, Akureyri. **Samþykkt.**
2. Ak-Inn-Ís-Inn, kt. 421111-1110, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingarekstur að Hörgárbraut, Akureyri. **Samþykkt.**
3. Jóhannes Arnar Vigfússon, kt. 150345-4219, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð nr. 203 að hafnarstræti 81, Akureyri. **Samþykkt.**
4. Kaffi 600 ehf, kt. 491111-0460, Strandgötu 49, Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
5. Kökur og konfekt, kt. 460511-2160, Gránufélagsgötu 46, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt og skil á teikningum.**
6. Norðlenska ehf, kt. 500599-2789, Grímseyjargötu Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna kjötvinnslu og slátrunar. **Samþykkt til eins árs og farið fram á að fyrirtækið gerir úrbætur varðandi hreinsun á fráveituvatni í samræmi við kröfur um notkun á bestu fáanlegu tækni (BAT).**
7. Norðlenska ehf, kt. 500599-2789, Húsavík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna kjötvinnslu og slátrunar. **Samþykkt til eins árs og farið fram á að fyrirtækið gerir úrbætur varðandi hreinsun á fráveituvatni í samræmi við kröfur um notkun á bestu fáanlegu tækni (BAT); þá er einnig lögð áhersla á að gerðar verði úrbætur á fráveitu fyrirtækisins til sjávar.**
8. Ráðgjöf og þjálfun ehf, kt. 581111-1420, Hvannavöllum 14, Akureyri, umsókn um starfsleyfi; ráðgjöf um líkamsrækt og resktur “lasertag” skemmtiseturs. **Samþykkt.**
9. Fensalir ehf, kt. 690798-2129, Ásgarðsvegi 2, Húsavík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistiheimili að Árbót. **Samþykkt.**
10. Félagsheimilið Ýdalir, kt. 470781-0179, Iðjugerði 1, Aðaldal, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi (veitingastaður í flokki III). **Samþykkt.**
11. Tannlæknastofa Sigurjóns Benediktssonar, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi v/eigendaskipta, ný kt. 500602-3410; Glerharður ehf. **Samþykkt.**

12. Tannlæknastofa Stefáns Harladssonar, kt. 230450-4559, Auðbrekku 4, Húsavík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
13. Katla ehf., kt. 601285-0299, Melbrún 2, 621 Dalvíkurbyggð. Trésmíða-  
verkstæði án lökkunar og vélaverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
14. BHS ehf., kt. 491086-1149, Fossbrúnn 2, 621 Dalvíkurbyggð. Bifreiða-  
verkstæði með lökkun. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**

## Önnur mál

Hafsteinn H. Gunnarsson skýrði frá ákvörðun stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga þess efnis að hætta brennslu á sorpi á Húsavík frá og með 1. sept. n.k. Umræður urðu um mikilvægi þess að eiga brennsluúrræði fyrir sóttmengaðan úrgang, t.d. vegna riðu og annarra búfjárjúkdóma.

## Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	